

Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Grindavíkur 2015

Stjórn GG.

Á síðasta aðalfundi GG gekk Hávarður Gunnarsson í stjórn eftir fráfall Jóns Guðmundssonar.

Stjórn GG var því þannig skipuð árið 2015.

Halldór Smáráson formaður, Sigmar Eðvarðsson varaformaður, Sverrir Auðunsson gjaldkeri, Jón Júlíus Karlsson ritari, Ólafur Már Guðmundsson meðstjórnandi, Ingvar Guðjónsson meðstjórnandi, Þorlákur Halldórsson meðstjórnandi, Hávarður Gunnarsson varamaður í stjórn og Halldór Ingvason varamaður í stjórn.

Nefndir GG árið 2015.

Aganefnd: Halldór Einir Smáráson, Ingibjörg Grétarsdóttir og Halldór Ingvason

Mótanefnd: Halldór Einir Smáráson, Jón Júlíus Karlsson, Jón Halldór Gíslason

Afreksnefnd: Helgi Dan Steinsson

Vallarnefnd: Ingvar Guðjónsson, Jóhann S. Ólafsson, Birgir Hermannsson.

Forgjafarnefnd: Hávarður Gunnarsson, Halldór Einir Smáráson.

Bygginganefnd: Ólafur Már Guðmundsson, Gunnlaugur Úlfar Gunnlaugsson, Sigmar Eðvarðsson.

Laganefnd: Halldór Ingvason, Jón Júlíus Karlsson.

Rekstrarnefnd: Sverrir Auðunsson, Halldór Einir Smáráson.

Tímamót í sögu Golfklúbbs Grindavíkur.

Í sögu Golfklúbbsins er margt að minnast, en 1994 ákvað stjórn GG að láta teikna 18 holu golfvöll og 18 árum síðar rættist sá draumur. Nú árið 2016 þegar Golfklúbbur Grindavíkur er

að hefja sitt fjórða rekstrarár með 18 holu golfvöll hefur margt breyst. Ákveðnir hlutir hafa ekki breyst því kylfingar eru enn með 14 kylfur í pöknum, og holan sjálf er enn bara tæpir 11 cm. í þvermál. Kröfur um aðbúnað og aðgengi hafa hins vegar breyst á þessum ríflega 20 árum, hvort slíkar kröfur séu allar nauðsynlegar eða sanngjarnar skal ósagt látið.

Á fyrsta stjórnarfundum ársins 2015 fengu þeir Halldór Smáráson og Sigmar Eðvardsson umboð stjórnar til þess að ræða við Bláa Lónið um uppbyggingu Húsatóftavallar. Þær viðræður leiddu til þess að Grindavíkurbær kom einnig að málinu og þessum viðræðum lauk á þann hátt að þann 28. apríl 2015 skrifuðu forsvarsmenn Bláa Lónsins, Grindavíkurbæjar og Golfklúbbs Grindavíkur undir viljayfirlýsingu um breytingar og uppbyggingu á Húsatóftavelli. Þessi samningur markar vonandi lokasporin í þessari 22 ára vegferð GG að 18 holu golfvelli.

Framkvæmdir.

Rekstur golfklúbbs kallar á marga samverkandi þætti. Sér útbúin tækjabúnaður fyrir slátt á brautum og flötum. Mikill kostur er að vera með klúbbhús sem þjónustar 70 – 100 gesti svo vel fari og þessir gestir þurfa að geta lagt bílum sínum í bílastæði. Því vill stjórn GG minna á það, að hafa golfvöll og klúbbhús í *frábæru - góðu – ásættanlegu* standi er meira en að segja það.

Framkvæmdir við breytingar á vellinum hófust af fullum krafti þann 28. apríl en um leið og forsvarsmenn GG, Bláa Lónsins og Grindavíkurbæjar höfðu undirritað viljayfirlýsinguna var Steindór Eiddsson jarðýtumeistari með meiru mættur og hófst þegar handa við að breikka þriðju brautina. Hannes Þorsteinsson Golfvallarhönnuður var þá búin að merkja fyrir breytingunum og Steindór vann síðan alla jarðvinnu í samráði við Hannes. Hópsnes ehf sá um alla efnisflutninga á golfvellinum. Lagnaþjónusta Suðurnesja sá um allar vatnslagnir í framkvæmdirnar. Starfsmenn GG lögðu síðan um 1100 tíma í nýframkvæmdir. Ellert Skúlason ehf sá um undirvinnu við bílastæði. Hagvirki kom síðan og malbikaði planið fyrir framan golfskálann. Allir þessir aðilar eiga heiður skilinn fyrir vel unnin störf við þessar framkvæmdir, en bæði kostnaðaráætlanir og tímaáætlanir stóðust að mestu leiti, helst er hægt

að tala um að tímamörk með yfirborðsvinnu á brautum hafi ekki staðiðst tímasetningar en að sumri loknu þá var öllu lokið sem átti að ljúka. Sumarið 2015 var því lokið við að breikka, móta og sá í þriðju brautina. Þrettánda brautin (nýja) er líka fullmótuð. Teigar við nýja braut nr. 2 voru mótaðir, nýir teigar við braut nr. 3 voru líka mótaðir síðan var nýr teigur á braut nr. 14 mótaður. Þessir nýju teigar voru ýmist tyrfðir eða það var sáð í þá. Fjórar nýjar flatir voru búnar til, sett í þær vökvunarkerfi og sáð í þær, þessar flatir verða á brautum 10 – 13 – 15 og 17. Flötin á annari braut verður gerð nú í sumar. Skipt var um jarðveg undir nýrri æfing aflöt og verður hún mótuð í sumar. Gerður var nýr stígur frá sjöunda teig upp á áttunda teig. Núna á haustmánuðum var síðan gengið frá grjóthleðslu við átjándu teiginn og á sjöunda teig var líka hlaðinn grjótgarður. Mörg minni verk fylgja svona framkvæmdum sem of langt mál væri að telja upp hér. Síðast en ekki síst má ekki gleyma því að golfvöllurinn var hirtur líka, flatir slegnar daglega, brautir slegnar annan hvern dag, áburðargjafir og annað sem fylgir daglegri hirðu golfvallar. Eins og segir í inngangi þessa kafla þá er ekki einfalt mál að halda 18 holu golfvelli í lagi.

Starfsmenn.

Árið 2015 var vallarstjóri í fullu starfi, formaður í 11 mánuði, 5 starfsmenn í 4 – 5 mánuði og síðan voru 7 starfsmenn í lengri eða skemmri tíma. Vinnumálastofnun hefur undanfarin ár verið með átaksverkefni í gangi og klúbburinn hefur leitað þangað og fengið fólk til vinnu og hluta launa greiddan. Illa gekk að fá fólk hjá Vinnumálastofnun sumarið 2015 og vorum við einungis með um 1 starf í 7 – 8 vikur styrkt af Vinnumálastofnun. Stjórn GG vill koma á framfæri þakklæti til starfsmanna GG fyrir vel unnin störf sumarið 2015.

Golfskálinn.

Síðan að við fluttum í nýja golfskálann árið 2012 hefur klúbburinn séð um reksturinn en á síðasta ári breyttum við til og Atli Kolbeinn Atlason sá um skálann sumarið 2015. Skemmst er frá því að segja að samstarfið gekk vel og var almenn ánægja með þjónustuna í skálanum. Gaman er að geta sagt frá því að Atli Kolbeinn mun sjá um skálann fyrir okkur á komandi sumri.

Golf.

Árið 2015 voru 201 félagar skráðir í GG, og er það fjölgun um 7 féлага frá fyrra ári. Einn heiðursfélagi GG féll frá á árinu, en Jakob Eyfjörð Jónsson lést þann 31. október síðast liðinn og minnumst við Kobba með hlýju.

Það voraði seint á árinu 2015 og ekki nóg með það heldur var kuldi að hrjá okkur líka. Kuldinn gerði það að verkum að ekki var opnað fyrir almennt spil á vellinum fyrr en 23. apríl. Rástímaskráning byrjaði á Húsatóftavelli síðla sumars 2012, en enn erum við að berjast við það að kylfingar skrá sig ekki til leiks. Kylfingar eiga að skrá sig til leiks. Við verðum að geta fylgst með fjölda heimsókna til okkar og mjög gott er fyrir rekstraraðila golfskálans að sjá í rástímaskráningu að von sé á tilteknum fjölda kylfinga einhvern ákveðinn dag. Ekki má gleyma því að kylfingar GG fá að skrá sig fjóra daga fram í tímann en stakir gestir einungis einn dag fram í tímann.

Það voru 37 golfmót haldin hjá okkur sem er um 10% fækkun frá fyrra ári, ástæðan er kalt vor og ákaflega léleg skráning í haustmótin svo þau voru nokkur felld niður vegna ónógrar þátttöku. Stigamótin voru 12 að venju, eitt stigamót var fært til um einn dag vegna veðurs. Það fækkaði um 3.6 féлага að jafnaði í hverju stigamóti, en 30.8 félagar tóku þátt að jafnaði árið 2015 á móti 34.6 árið 2014. Meistaramót GG 2015 er hins vegar eitt fjölmennasta meistaramót sem klúbburinn hefur haldið og er það vel. Það voru 65 fullorðnir og 8 ungmenni sem tóku þátt í meistaramótinu sem er fjölgun um 29 frá fyrra ári, 65% fjölgun! Skráðar heimsóknir á Húsatóftavöll golf tímabilið 2015 eru 10.515 sem er nánast sami fjöldi og 2014 (10.578), en enn erum við að halda að það séu um 700 – 800 hringir óskráðir, því segjum við að ca. 11.500 hringir hafi verið spilaðir á Húsatóftavelli 2015.

Helgi Dan Steinsson PGA golfkennari var kylfingum GG tiltækur alla daga vikunnar, en gaman er að segja frá því að það voru um 20 kylfingar sem nýttu sér þjónustu Helga með markvissum hætti. Helgi Dan setti líka upp sérstakt kvennánámskeið og mættu 14 konur á það námskeið. Það er klúbbum mjög mikilvægt að hafa menntaðan golfkennara á sínum snærum og því vill stjórn GG hvetja félagsmenn til að nýta sér þjónustu Helga Dan.

Allt okkar venjubundna mótahald gekk ljómandi vel, svo sem Möllerinn, Sjóarinn, Kvennamót Bláa Lónsins o.sv.frv. hins vegar fjaraði mjög hratt undan aðsókn þegar kom fram í september og því var flestum haustmótunum okkar aflýst. Við höldum eitt mót fyrir GSÍ í

Íslandsbankamótaröðinni og var gaman að sjá bestu unglunga landsins koma og spila Húsatóftavöll í 3 daga.

Eldri kylfingar í GG tóku þátt í Reykjanesmótaröð eldri kylfinga, skemmst er frá því að segja að Golfklúbbur Grindavíkur er Reykjanesmeistari eldri kylfinga í golfi árið 2015.

Golfklúbbur Grindavíkur sendi sveit til keppni í Vestmannaeyjum en þar fór fram sveitakeppni GSÍ í 2 deild. Sveit GG féll því miður niður um deild, og er ekkert við því að gera annað en að komast beint upp um deild að ári. Sveitina skipuðu þeir Helgi Dan Steinsson, Ingvar Guðjónsson, Hávarður Gunnarsson, Kristinn Sörensen, Jón Júlíus Karlsson, Bergvin Ólafarson, Sigurður Helgi Hallfreðsson og Halldór Smáráson sem var liðsstjóri.

Félagar í Golfklúbbi Grindavíkur kepptu innbyrðis um fimm titla, Klúbbmeistari karla, Klúbbmeistari kvenna, Klúbbmeistari unglunga, Tóftabóndi og Stigameistari. Árið 2015 eru eftirfarandi meistarar:

Klúbbmeistari karla: Helgi Dan Steinsson

Klúbbmeistari kvenna: Svanhvít Helga Hammer

Klúbbmeistari unglunga: Arnór Tristan Helgason

Stigameistari: Bjarki Guðmundsson

Tóftabóndi: Ingvar Guðjónsson

Af vinavallarsamningum GG við aðra klúbba eru engar breytingar á árinu 2015. Fækkun varð í komu GKG gesta, en hún skýrist af því að 2014 keypti GKG af okkur einnar viku fríspil fyrir sína félag. Frá GKG komu 233, frá GO komu 250 og frá GS komu 232 frá öðrum komu mun færri. Heimsóknir með GSÍ kort voru 175 þetta árið sem er fjölgun um 23 heimsóknir. Svipaður fjöldi og í fyrra kom frá okkar helstu styrktaraðilum þ.e.a.s Bláa Lóninu, Landsbankanum, Áltaki, TM, Prentsmiðju GÓ, ÍAV, Grindinni og fleiri.

Golfsumarið 2015 var einkennilegt, vorið var kalt og margir hópar minnkuðu um helming eða meira frá bókun til mætingar, seinni hluti sumarsins var hins vegar mjög góður og komu nokkrir dagar sem voru þannig að færri komust að en vildu, síðan haustaði og aðsóknin hrapaði og við fengum litla skráningu í þau mót sem sett voru upp. Stjórn GG er þrátt fyrir þetta ánægð með það að við höldum sama gestafjölda og í fyrra þrátt fyrir mun styttri opnunartíma.

Barna og unglíngastarf.

Helgi Dan Steinsson PGA golfkennari sá um barna og unglíngastarfið hjá GG sumarið 2015. Þetta var annað ár Helga Dan hjá klúbbnum en hann hefur sinnt þessu verkefni af miklum metnaði og er stjórn GG mjög ánægð að hafa menntaðan golfkennara til að sinna þessu mikilvæga verkefni. Það eru um 25 ungmenni sem mæta í golfkennslu hjá Helga þegar mest er, en það eru um 16 – 18 sem koma reglulega. Enn vantar stúlkur í golfið. Það var haldið 3 daga meistaramót fyrir krakkana og voru það 8 stákar sem mættu og spíluðu 9 holu högggleik án forgjafar í 3 daga, mótinu lauk síðan með pizzu veislu og verðlaunaafhendingu. Æfingar hófust í febrúar en þá var innandyra í Hópinu einu sinni í viku, síðan voru æfingar 3 sinnum í viku frá því að grunnskólanum lauk og fram í ágúst, tvisvar í viku var æft á golfvöllinum og einu sinni í viku á rollutúninu. Æfingunum lauk síðan með 3 holu móti og vipp keppni, það fór enginn tómhentur heim frá lokamótinu en allir fengu derhúfu frá Titleist.

Fjármál.

Í stuttu máli eru fjármál klúbbsins á mun betri stað eftir árið 2015 en þau voru eftir árið 2014 en þess má geta að það voru 13 mánuðir á rekstrarárinu 2014 eftir breytinguna á uppgjörstímabili klúbbsins.

Fyrir rekstrarárið 2015 skílaði klúbburinn hagnaði upp á 1.1m kr. Þetta er örlítið lakara en gert var ráð fyrir í kostnaðaráætluninni sem var kynnt á síðasta aðalfundi. Aftur á móti, náði klúbburinn að lækka skuldir klúbbsins um 6m kr. á milli ára sem er eitt og sér fagnaðarefni. Í fyrsta sinn í nokkur ár lauk klúbburinn árinu án þess að vera rekinn með yfirdrætti og/eða með mikið af útistandandi skuldum. Það er alls ekki sjálfgefið í rekstrarumhverfinu sem þekkist á Íslandi í dag og með tryggum bakhjörllum, samstarfsaðilum og félagsmönnum hefur klúbbnum tekist að saxa á skuldarnar sínar.

Lokaorð.

Það er mat núverandi stjórnar GG að á árinu hafi vel tekist til við breytingar og framkvæmdir á Húsatóftavelli og er það von okkar að klúbbfélagar sýni okkur þolinmæði á meðan framkvæmdum stendur.

Eins og fram kemur í upphafi þessarar samantektar þá eru enn 14 kylfur leyfðar í golfpokanum og holan er ennþá tæplega 11 cm. í þvermál, en það er aðbúnaðurinn og hvernig kylfingar nálgast sportið sem hefur tekið miklum breytingum undanfarinn ár. Aðild klúbbfélaga að skráningarkerfi GSÍ sem nær til allflestra golfklúbba landsins er mikið framfara skref en aðkoma og aðbúnaður í klúbbhúsi er líka atriði sem kylfingar líta til þegar þeir fara í heimsókn á aðra velli en heimavöllinn sinn.

Okkur vantar alltaf sjálfboðaliða til aðstoðar við ræsingu í mótum og fleira sem snýr að mótahaldi. Allir þeir sem hafa áhuga á að styrkja klúbbinn sinn á þann hátt eru beðnir um að hafa samband við stjórn. Einhverjir félagar eru með dómara réttindi en nýta þau ekki. Í dag eru tveir virkir héraðsdómarar hjá GG.

Húsatóftavöllur er einn af fallegustu golfvöllum landsins og hefur mikla sérstöðu sem slíkur. Það er ekki algengt að spilað sé golf inni í hrauni, við sjóinn og slegið á milli heimsálfa á einum og sama 18 holu golfhringnum. Þessum atriðum verðum við að halda á lofti og auglýsa völlum okkar.

Orðspor okkar er gott, höldum því þannig.

22. janúar 2016

f.h stjórnar Golfklúbbs Grindavíkur

Halldór Einir Smáráson formaður